

Leikskólinn Ákrar

Ársskýrsla skólaárið 2017-2018



Ragnildur Gunnlaugsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Úrdráttur	2
Inngangur	2
Leikskólinn Akrar.....	2
Námsskrá leikskólans	3
Innra starfið.....	3
Mat á innra starfi út frá starfsáætlun	4
Sögupokar.....	4
Lýðræði.....	4
Uppeldi til ábyrgðar.....	5
Hreyfing í sal.....	6
Matsþættir út frá matsáætlun	6
Nýbreytni og þróunarverkefni	7
Horft til framtíðar	7
Vísindi.....	7
Tákn með tali.....	8
Tónlist	8
Mannauður leikskólans	9
Starfsmannahópurinn.....	9
Stefna í starfsmannamálum	9
Starfsmannakönnun	9
Starfsþróun	10
Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2016-2017	11
Barnahópurinn	12
Tölulegar upplýsingar	12
Fjöldi barna í árgangi.....	12
Vistunartími barna.....	12
Stoðþjónustan.....	12
Foreldrasamstarf.....	13
Öryggismál.....	13
Húsnæði og viðhald	14
Lokaorð.....	14

Úrdráttur

Leikskólinn Akrar var formlega opnaður 12. janúar 2012, hann er fjöggra deilda leikskóli með 96 börn. Virkni og vellíðan eru grunngildi leikskólans og er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar. Það er mikið og faglegt starf unnið á leikskólanum og síðasta skólaár voru fimm þættir metnir í innra starfi ásamt því að Flæði var sá þáttur sem var metin út frá matsáætlun. Niðurstöður á öllu matinu sýndi að það er margt gott sem verið er að gera en alltaf er hægt að bæta sig og voru gerðar umbótaáætlanir. Foreldrasamstarfið er gott og eru bæði atburðir og verkefni í leikskólanum unnin í samvinnu við foreldra og einnig vinna foreldrafélagið, foreldraráðið og leikskólinn vel saman. Þetta skólaárið voru við með fjögur þróunarverkefni ásamt því að við vorum að gera smá breytingar á skipulagi. Þá er verið að tala um minniháttar breytingar eins og t.d. hvernig börnin velja matinn einu sinni í mánuði og það var prufað að hafa flæði annan hvern föstudag fyrir áramót. Þetta skólaárið var 31 starfsmaður, það var gerður starfsmannasáttmáli í byrjun skólaárs og voru virðing, heiðarleiki og jákvæðni þau gildi sem ákveðið var að hafa að leiðarljósi í samskiptum. Starfsmenn sóttu mörg námskeið bæði á leikskólanum og fyrir utan hann, einnig fór leikskólinn í námsferð til Brighton sem gekk mjög vel. Það voru 96 börn í leikskólanum og var vistun 75% barnanna átta eða átta og hálfur klukkutími á dag. Það voru fjögur slys á börnum skráð þetta skólaárið og fóru þau öll í skoðun hjá lækni. Það hefur ekki verið mikið viðhald á húsnæðinu en það þarf að yfirfara bæði garðinn og húsnæði næsta skólaár.

Inngangur

Samkvæmt 17. og 18. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gera innra mat á leikskólum. Markmiðið með innra mati er meðal annars að veita upplýsingar um skólastarfið, tryggja að starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá og að tryggja að réttindi barna séu virt. Samkvæmt 5. grein laga í leikskóla skal leikskólastjóri birta opinberlega upplýsingar um starfssemi leikskólans. Þessi ársskýrsla tekur á hinum ýmsu þáttum leikskólans skólaárið 2017-2018.

Leikskólinn Akrar

Leikskólinn Akrar var formlega opnaður 12. janúar 2012 og eru virkni og vellíðan grunngildi leikskólans. Vellíðan barna er höfð í fyrirrúmi, um leið og börnum líður vel í leikskólanum eru

Leikskólinn Akrar

meiri líkur á að þau geti tekið fullan þátt í starfi hans. Starfið er skipulagt út frá þátttöku og virkni barnanna, það er ýtt undir þau verkefni sem vekja áhuga barnanna hverju sinni. Börnin læra af eigin reynslu með því að skynja námið á eigin hátt. Sköpun og læsi skipa stóran sess í starfinu.

Á Ökrum er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar (Uppbygging sjálfsaga) sú stefna leggur mikið upp úr jákvæðum samskiptum, kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum. Að skapa skilyrði til að barnið geti tekið ábyrgð á eigin hegðun, lagfært mistök sín, snúið aftur til hópsins og vaxið við hverja raun. Markmiðið er að þjálfa börn í að vera þau sem þau vilja vera út frá eigin sannfæringu en ekki bara að geðjast öðrum. Við stjórnnum okkur sjálf, hvað við viljum gera og hvernig persónur við viljum vera.

Námsskrá leikskólans

Samkvæmt 14. grein laga um leikskóla skal hver leikskóli gefa út skólanámskrá. Á grunni aðalnámskrár eiga allir leikskólar að móta sína eigin skólanámskrá og var námskrá leikskólans Akra samþykkt í mars 2014 af leikskólanefnd Garðabæjar. Skólanámskrá Akra var unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Námskráin er lifandi plagg og er hún endurskoðuð reglulega. Námskrá Akra er sýnileg á heimasíðu leikskólans.

Innra starfið

Á hverju ári þarf að meta starf leikskólans. Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er markmið innra mats það að leikskólinn meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkum þætti starfsmanna, barna og foreldra.

Mat á innra starfi út frá starfsáætlun

Sögupokar

Árið 2015 fengu tveir kennarar á Ökrum styrk í þróunarsjóð leikskóla til að útbúa sögupoka og árið 2016 fengu þær aftur styrk til að víkka út verkefnið. Eitt af markmiðum verkefnis þeirra var að kenna/leiðbeina starfsfólkinu hvernig best væri að nota sögupokana. Í könnun sem var gerð meðal starfsmanna kom í ljós að þeir hafa tileinka sér meir og meir þessa aðferð og hafa þeir fengið góða kynningu og aðstoð. Starfsmenn töldu sig vera orðna öruggari en nefndu um leið að æfingin skapar meistarann.



Umbótaáætlun: Það væri möguleiki að kynna hvern poka betur þá á starfsmannafundi. Einnig gæti starfsmaður sem er vanur sögupokum farið inn í samveru með öðrum starfsmönnum og verði með sýnikennslu.

Lýðræði

Hver deild ákveður hvað er í matinn síðasta föstudag mánaðarins, fyrir utan júní, júlí og ágúst. Til að byrja með gátu börnin valið hvað yrði í matinn út frá myndum þ.e.a.s. það voru 4-5 myndir af mat fyrir framan þau og þannig gátu þau valið þann mat sem þau vildu. Síðan var ákveðið að breyta valinu þannig börnin höfðu alveg frjálst val og sá matur sem fékk flest atkvæði var valinn. Þetta val gekk vel á eldri deildum fyrir utan að sami maturinn varð oft fyrir valinu en þetta gekk ekki eins vel á yngri deildum.

Umbótaáætlun: Sú niðurstaða sem við fengum var að börnin á yngri deild yrði að hafa myndir fyrir framan sig til að geta valið. Á eldri deildum þar sem sami maturinn var valinn oftast komu upp þær vangaveltur hjá starfsmönnum hvort það væri út af því að það væri gert meira úr vissum mat inn á deildunum. Þegar það væru pulsar og pizzur þá væri sjoppu afgreiðsla, þannig kannski væri lausnin að hafa svipaða afgreiðslu í kringum allan mat.

Í byrjun hvers skólaárs er farið yfir stefnu leikskólans á starfsmannafundi og á skipulagsdegi er farið betur í stefnuna ásamt því að starfsmenn gera sáttmála. Síðan er farið yfir vinnuna með börnunum.

Sáttmálagerð inn á deildum: Sáttmálar hafa verið gerðir inn á deildum með börnunum og var ákveðið að skoða þá vinnu. Á eldri deildum var farið í umræðu með börnunum um það hvernig við viljum hafa umhverfið okkar í leikskólanum, hvernig á okkur að líða og hvað getum við gert til að hafa umhverfið eins og við viljum hafa það. Á eldri deildunum var gerður einn sáttmáli fyrir alla deildina, það var fyrst farið í umræður bæði í litlum og stórum hópum og ákveðið hvað ætti að fara á sáttmálan og hann síðan undirritaður af öllum börnunum. Á yngri deildum fannst þeim erfiðara að vinna sáttmálann með börnunum, en það var farið í umræðuna með eldri börnunum.

Umbótaáætlun: Á eldri deildum fannst þeim þessi lausn á sáttmálagerð góð og ætla að hafa svipað skipulag næsta haust. Á yngri deildum verður farið í sáttmálagerð með elstu börnunum eftir áramót. Þá verður farið í umræðuna í hópunum og svo unnin sáttmáli.

Öryggi, húsin og hjörtun: Börnin á yngri deildum fengu blað með sér heim þar sem þau áttu að klippa það eins og hús og setja myndir af þeim sem standa þeim næst. Á eldri deildum fengu þau hjartalaga blað (sem þau hefðu sjálf klippt út) með sér heim og settu myndir á þau. Þetta er samvinnu verkefni með foreldrum þar sem húsið er klippt og myndirnar límðar á það og hjörtun heima með foreldrum og komið með í leikskólann. Það gekk misjafnlega að fá húsin og hjörtun í leikskólann, á tveimur deildum komu allir nema einn með það til baka en á hinum tveimur deildunum vantaði nokkrum börnum.

Umbótaáætlun: Við ætlum að fara í þessa vinnu fljótt á nýju skólaári og ef við sjáum fram á að það muni ganga erfiðlega að fá þetta til baka að gefa foreldrum kost að senda myndirnar til okkar í leikskólann og við vinnum þetta með börnunum.

Leikskólinn Akrar

Dýpri vinna með þarfirnar: Þetta skólaárið langaði okkur að kafa dýpra vinnu með eldri börnin um þarfirnar og það var gert ásamt því að farið var í frábær verkefni í kringum Listadaga. Þar var farið í samskipti hvernig við komum fram við hvort annað svo öllum líði vel einnig var farið í vinnu um það sem gerir okkur glöð. Niðurstöður matsins sýndu að starfsfólk fann fyrir smá óöryggi þegar kom að vinnu um þarfirnar.



Umbótaáætlun: Í byrjun næsta skólaárs verða eldri deildir með sameiginlegan fund þar sem farið verður í skipulag vegna vinnu með börnum um þarfirnar eða stefnuna yfir höfuð. Gerð verður dagskrá, þá finna allir starfsmenn fyrir öryggi hvað sé framundan í vinnunni með Uppeldi til ábyrgðar.

Hreyfing í sal

Það var skoðað hversu oft markvissar skipulagðar hreyfistundir voru inn í sal. Hver deild hefur salinn einn dag í viku og þá er farið í salinn og oft eru það markvissar stundir. En eins og með svo margt annað þá má gera betur. Í könnuninni kom í ljós að starfsfólki vantaði tíma til að undirbúa salinn.

Umbótaáætlun: Allir starfsmenn á Ökrum fá undirbúningstíma þannig hægt er að nýta smá tíma þar til að undirbúa markvissa hreyfistund. Jafnframt að sá starfsmaður sem er með skipulagða stund í salnum fái smá tíma fyrir stundina til að setja upp stöðvar í salnum.

Matsþættir út frá matsáætlun

Á þessu skólaári var flæði sá matsþáttur sem var skoðaður út frá matsáætlun. Þetta er fyrsta skólaárið þar sem gerð var matsáætlun og kom í ljós að viðmiðin ásamt matsgögnum þurftu að vera skýrari. Ákveðið var að skoða hvort starfið í flæði væri fjölbreytt þannig áhugi hvers og eins fengi að njóta sín og að styrkleikar hvers og eins fengi að njóta sín. Þetta skólaár var nýjung í flæði, það var sami hópstjórinn á hverju svæði allan veturinn. Fyrir áramót var flæðið annan hvern föstudag og alla föstudaga eftir áramót.

Nýbreytni og þróunarverkefni

Horft til framtíðar

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fengu styrk vorið 2017 til að þróa starfsumhverfi leikskólans með það markmið að fjölga leikskólakennurum. Breytingin á starfsumhverfinu felur það í sér að allir deildarstjórar vinni alla daga vikunnar frá kl. 8:00 – 14:00 inni á deildum en á milli kl. 14:00 og 16:00 við undirbúning, samráð, fundi og foreldraviðtöl. Aðrir leikskólakennarar vinni þrjá daga vikunnar til klukkan 14:00 og fari þá út af deildinni í undirbúning og aðra vinnu. Svala Guðmundsdóttir dósent við Háskóla Ísland var verkefnastjóri yfir verkefninu. Svala var með fjóra rýnifundi, þeir samanstóðu af starfsmönnum, foreldrum, nemum í leikskólakennarafræðum við HÍ og leikskólakennarar/deildarstjórar/skólastjórar af höfðaborgasvæðinu sem og akademískir starfsmönnum við Menntavísindasvið HÍ. Á rýnifundunum var rætt um tækifærin sem fyrirhuguð breyting gæti haft í för með sér og einnig hvaða ágallar og áreksstrar gætu fylgt þessari breytingu. Niðurstöður sýndu það að allir töldu að þessar breytingar yrðu til góðs fyrir starfsmenn, börn og foreldra, þó þyrfti að hafa í huga hvernig skipulagi væri háttað eftir klukkan 14:00. Í mars byrjuðu deildarstjórar að taka undirbúninginn milli klukkan 14:00-16:00 þrjá daga vikunnar og leikskólakennarar tvo daga vikunnar. Með þessu gátum við byrjað að laga skipulagið að breyttu starfsumhverfi.

Vísindi

Skólaárið 2016-2017 voru tveir starfsmenn að vinna að vísindaverkefni sem þær fengu styrk fyrir úr Þróunarsjóði leikskóla. Á skipulagsdegi þann 27. október 2017 fékk starfsfólk Akra kynningu á þróunarverkefninu. Kynntir voru svokallaðir vísindakassar sem innihalda þrjú svið vísindanna: eðlisfræði, efnafræði og stjörnufræði. Farið var í gegnum innihald kassanna og farið var í stutta sýnikennslu með því markmiði að ná að kveikja áhuga starfsfólksins á verkefninu og hvernig það getur miðlað þekkingu sinni í kennslu. Lögð var sú áhersla á í verkefninu að kveikja áhuga og forvitni barnanna á vísindum og einnig hvetja til rannsókna og kannanna. Með verkefninu gefst tækifæri til að efla sköpunarkraft, athafnagleði og forvitni barna sem og vekja upp áhuga þeirra til gagnrýndar hugsunar.

Í kjölfarið á kynningunni hefur annar af tveimur umsjónarmönnum verkefnisins verið með ábyrgð á skipulagðri vísindakennslu einu sinni í viku (í flæði) þar sem starfsmenn hafa fengið þjálfun í verki og hvatt hefur verið til sjálfstæðra vinnubragða.

Leikskólinn Akrar

Tákn með tali

Sérkennslustjórinn fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla vorið 2017 til að vinna gagnakassa og markvissa innlögn og áætlun í tákn með tali. Tákn með tali er tjáskiptaaðferð sem byggir á einföldum hreyfitáknum sem eru notuð að markvissan hátt til stuðnings töluðu máli og er fyrir öll börn en hentar sérstaklega vel fyrir börn með seinkaðan málproska. Markmið verkefnisins er að útbúa gagnskassa með myndaspjöldum með tákn með tali myndum. Einnig verður útbúin áætlun um markvissa innlögn á annari af yngstu deildum leikskólans og henni fylgt eftir.

Ráðgjafi verkefnisins var Sigrún Grendal talmeinafræðingur sem kom á starfsmannafund og kynnti Tákn með tali og þrjú starfsmenn deildarinnar fóru á námskeið um þessa aðferð.

Tónlist

Deildarstjóri af annari eldri deildinni fékk styrk úr Þróunarsjóð leikskóla vorið 2017 til að vinna markvissar tónlistarstundir. Í byrjun haustannar fékk starfsfólkið kynningu á starfsmannafundi, þeim voru sýnd hljóðfærin og sagt frá umgengni t.d. að það væri alltaf kennari með börnunum þegar verið væri að nota hljóðfærin og að það væri hægt að taka alla hilluna inn á deildar eða einstaka kassa. Einnig voru markvissu tónlistarstundirnar kynntar. Deildarstjórinn sá um markvissu tónlistastundirnar í flæði og þá fengu starfsmenn betri sýn á hvernig er hægt að vinna með þetta. Starfsmenn voru almennt mjög jákvæðir og áhugasamir og nýtti sér t.d. hljóðfærin og stundirnar í hópstarfi.

Deildarstjórinn vann einnig með markvisst tónlistarstarf inn á sinni deild 1-2 í mánuði eftir áramót og einu sinni á hinni eldri deildinni til að sýna starfsfólkinu. Hann vann með kór elstu barnanna markvisst einu sinni í viku eftir áramót. Þar lærðu börnin ný og erfiðari lög og einnig lærðu þau að radda og syngja keðjusöng. Deildarstjórinn lagði áherslu á ný orð/meiningar sem tilheyra tónlist eins og veikt og sterkt og grunnþekkingu í tónfræði. Hann lagði einnig áherslu á samsöng, samvinnu, að vera samtaka og vinnu með takt.

Starfsmannahópurinn

Í desember 2017 voru 31 starfsmenn í leikskólanum og skiptast þeir þannig

Leikskólakennarar	7
Proskapjálfi	1
Önnur háskólamenntun	4
Leiðbeinendur	16
Matráður	1
Aðstoð í eldhús	2

Fyrir áramót voru þrír starfsmenn í tímavinnu og tveir starfsmenn eftir áramót. Það voru 15 starfsmenn í 100% vinnu og hinir voru í minni starfshlutfalli.

Stefna í starfsmannamálum

Á Ökrum er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar og hafa starfsmenn gert starfsmannasáttmála síðustu 3 ár. Í ár förum við aðeins dýpra í starfsmannasáttmálann til að allir væru með sama skilning á honum en það þarf að vera meira og dýpra næsta skólaár. Með því að vera með starfsmannasáttmála sem allir skilja á sama hátt og hafa samþykkt eru meiri líkur á að starfsmenn temji sér jákvæðni og virðingu í samskiptum. Það er mikilvægt að taka vel á móti nýju starfsfólki þannig það finni fyrir öryggi á nýjum vinnustað. Við erum með Móttökubækling, hann er ákveðið skipulag um það hvernig best sé að halda utanum nýja starfsmenn t.d. hvað er farið yfir á fyrsta kynningarfundum, hver er tengiliður þeirra o.s.frv. Mikilvægt er að nýjir starfsmenn finni fyrir öryggi þegar þeir byrja í nýju starfi, þá eru meiri líkur á vellíðan. Við erum með fasta viðburði þar sem allir starfsmenn gera eitthvað saman og er alltaf vel mætt á þá. Einnig eru nokkrir minni viðburðir t.d. horfa á bíómynd saman og þá koma þeir sem komast geta. Í apríl fór leikskólinn til Brighthon og var það gleðilegt að 27 starfsmenn fóru og gekk ferðin mjög vel.

Starfsmannakönnun

Skólapúlsinn er með starfsmannakönnun og foreldrakönnun annað hvert ár til skiptis og í ár var starfsmannakönnun. Á vef Skólapúlsins er að finna upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir kannanakerfisins.

Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar í ár sýndu að starfsmönnum fannst almennt góður starfsandi og var góð mæting á þá viðburði sem voru haldnir. Einnig mátti sjá að þegar á heildina

Leikskólinn Akrar

er lítið er starfsmannahópurinn lítið frá vegna veikinda. Það var ýmislegt sem mátti betur fara og var strax farið að vinna að úrbótum í þeim málum og voru Inga Þóra mannauðsstjóri og Halldóra Pálsdóttir verkefnastjóri fengnar til að aðstoða við það.

Starfsþróun

Síðasta skólaár gekk okkur vel að efla starfsþróun hjá starfsmönnum en alltaf má betur gera.

Allir starfsmenn voru hvattir til að sækja tvö kraganámskeið ásamt þeim kynningum/fyrirlestrum sem voru haldnir í leikskólanum. Helmingur starfsfólks sótti kraganámskeið eða annað námskeið fyrir utan leikskólans. Þau námskeið sem starfsmenn fóru á yfir veturinn fyrir utan leikskólann voru:

- Velliðan í leikskóla með slökun og jóga að leiðarljósi
- Stjórnendur í leikskólum
- Kvíði barna
- Tákni með tali
- Papunet
- Líðan, svefn og streita
- Vinnuverndar námskeið
- Málþroski, málörvun og málhvetjandi umhverfi
- Jákvæð samskipti og sjálfstæð börn
- Barnaheill-vinátta, ráðstefna?
- Snemmtæk íhlutun í málefnum barna, ráðstefna á vegum Velferðarráðuneytis

Allir deildarstjórar sóttu handleiðslu og er það góður stuðningur fyrir þá. Því miður dattu handleiðslutímar stundum niður þar sem deildarstjórar gátu ekki mætt vegna veikinda og annara forfalla í leikskólum. Á Ökrum höfum við lagt mikið upp úr því að deildarstjórar komist í handleiðslutíma og reynum eftir fremsta megni að leysa úr hnútum svo að það takist.

Næsta vetur langar okkur að leggja meiri áherslu á að starfsmenn sækji námskeið, og er viðmiðið að tveir þriðju starfsmanna sækji sér námskeið utan leikskólans. Einnig langar okkur að hafa þá nýbreytni að eftir námskeiðin fái starfsmenn tækifæri til að segja frá þeim námskeiðum sem þeir sóttu með 10 mínútna kynningu á starfsmannafundum.

Allir starfsmenn sátu eftirtalda fyrirlestra

Leikskólinn Akrar

- Ragnhildur Gunnlaugsdóttir - Uppeldi til ábyrgðar, grundvallarhugmyndir stefnunar, bottom line/skýr mörk, 5 stöður stjórnunar, jákvæð samskipti, sáttmálagæð með börnum og starfsfólki.
- Hrönn S Steinsdóttir – Uppeldi til ábyrgðar, vinna og samskipti við börn.
- Guðmunda I Gunnarsdóttir og Stefanía Ólöf Reynisdóttir – Vísindi, kynning á vísindakössum sem innihalda þrjú svið vísindanna: eðlisfræði, efnafræði og stjörnufræði.
- Ágústa Kristmundsdóttir – Hreyfing, skipulagðar hreyfistundir í sal.
- Katrín Hildur Jónasdóttir – Markvissar tónlistastundir.
- Jóhann Ingi Gunnarsson og Bragi R Sæmundsson – Árangursrík samskipti.
- Sigrún Grendal – Tákn með tali.
- Brynja Valdís – Hópefli, jákvæð samskipti.

Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2017-2018

Starfsmannafundur 24. ágúst klukkan 17:00-19:00

Skipulagsdagur 18. September 2017 klukkan 8:00-16:00

Starfsmannafundur 11. október 2017 klukkan 17:00-20:00

Skipulagsdagur 27. október klukkan 8:00-16:00

Starfsmannafundur 9. nóvember 2016 klukkan 17:00-20:0

Skipulagsdagur 29. nóvember 12:00-16:00

Skipulagsdagur 10. janúar 12:00-16:00

Starfsmannafundur 1. febrúar klukkan 17:00-20:00

Starfsmannafundur 6. mars klukkan 17:00-19:00

Starfsmannafundur 12. apríl klukkan 17:00-19:00

Starfsmannafundur 7. maí klukkan 17:00-20:00


Skipulagsdagur 20. apríl 8:00-16:00

Tölulegar upplýsingar

Fyrsta desember 2017 voru 96 börn á fjórum deildum í leikskólanum. Á Móa voru 22 börn, á Lyngi voru 23 börn, á Engi voru 25 börn og á Mýri voru 26 börn.

Fjöldi barna í árgangi


Á Ökrum voru 24 börn í 2012 og 2013 árgangnum, það voru 18 börn í 2014 árgangi, 21 barn í 2015 árgangi og 9 börn í 2016. Það er misskipt eftir árgangi hvort það voru fleiri strákar eða stelpur en í heildina voru 54 strákar og 42 stelpur.



Árgang.	2012	2013	2014	2015	2016
Fjöldi	24	24	18	21	9

Vistunartími barna

Það voru 96 börn í leikskólanum og var vistunartími flestra þeirra 8 eða 8.5 tími á dag en á myndinni hér að neðan er hægt að sjá skiptinguna.



Stoðþjónustan

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu í skólanum. Mikilvægt er að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Ef þörf er á

Leikskólinn Akrar

frekari athugun og inngripi er gott samstarf við sérfræðiteymi á skólaskrifstofu Garðabæjar sem samanstendur af sérkennslufulltrúa, talmeinafræðingi og sálfræðingi. Samráðsfundir með þessum aðilum ásamt sérkennslustjóra og leikskólastjóra er annan hvern mánuð og þar er farið yfir mál einstakra barna. Sálfræðingur og talmeinafræðingur koma í leikskólann og taka próf ef þess þarf.

Á síðasta skólaári var 1,5 stöðugildi sem sinnti sérkennslu auk sérkennslustjóra. Alls voru 20 börn sem nutu íhlutunar og stuðnings, allt frá framburðarþjálfun, félags- og samskiptafærni til þjálfunar vegna annara frávika. Sjö tvítýngd börn eru í skólanum og er boðið upp á túlkapjónustu í viðtölum og fundum er varða málefni þeirra.

Foreldrasamstarf

Í haust varð endurnýjun bæði í foreldrafélagi og foreldraráði, það eru þrennir foreldrar í foreldraráði ásamt leikskólastjóra og átta foreldrar í foreldrafélaginu ásamt starsmanni leikskólans. Foreldraráðið fundar 2-3 á ári og þá eru rædd hin ýmsu mál sem varða leikskólann einnig að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um t.d. skólanámsskrá og starfsáætlanir. Það er mismunandi hversu oft foreldrafélagið fundar en það er sirka fjórum sinnum á ári, en getur verið fleir ef það eru auka fundir í kringum jól eða sumarhátíð. Það eru vissir viðburðir í leikskólanum sem foreldrafélagið heldur utan um og má þar nefna t.d. jólasveina og gjafir handa börnunum á jólaballinu, jólagjafir handa starfsfólki, sveitarferð og sumarhátíð. Í byrjun skjólaárs fara börnin með smá verkefni í Uppeldi til ábyrgðar sem þau vinna með foreldrum sínum. Þetta er skemmtilegt samstarf milli foreldra og leikskóla. Einnig taka foreldrar þátt í útskriftarveislu barna sinna, þau koma með veitingarnar sem eru settar á hlaðborð. Það eru einnig atburðir yfir skólaárið þar sem foreldrum og ömmum og öfum er boðið í heimsókn í kaffi og söng einnig erum við með opið hús þar sem allir eru velkomnir.

Öryggismál

Slysaskráning

Á síðasta skólaári frá ágúst 2017-15. júní 2018 voru gerðar slysaskráningar á fjórum börnum. Þrjú af þessum slysum gerðust innandyra og dattu börnin um sjálfan sig þannig það er ekkert í umhverfinu sem hefði getað komið í veg fyrir fallið. Eitt af þessum börnum datt á gluggakistu inn á deild og fékk stóran skurð, við höfum lagt inn fyrirspurn um að gluggakistan verði skoðuð

Leikskólinn Akrar

út frá öryggisstöðlum. Eitt slysið gerðist úti þar sem barnið var að renna sér í rennibraut og datt. Þrjú barnanna fóru með foreldrum á slysadeild og eitt til tannlæknis.

Slökkviliðið/eldvarnareftirlit

Á hverju hausti kemur slökkviliðið í heimsókn til elstu barnanna í leikskólanum. Heimsóknin fer fram í salnum þar sem börnin horfa á stutta mynd og síðan spjallar slökkviliðsmaðurinn við börnin og þau fá að skoða slökkviliðsbúning. Á sama tíma kemur eldvarnareftirlitið í leikskólann og fer yfir bunavarnirnar í leikskólanum. Í lokin fá börnin að fara út og skoða sjúkrabílinn og er það mjög spennandi.

Eftirlit með garðinum

Við erum með plan fyrir leikskólann hverjir hafa eftirlit með garðinum hvern dag fyrir sig. Í haust var byrjað með að hver deild átti einn dag í viku og fór þá yfir allann garðinn. Í vor, þegar Krónan opnaði við hlið leikskólans, var gerð sú breyting að yngri deildir sjá saman um helming lóðarinnar á hverjum degi og eldri deildarnar hinn helming lóðarinnar á hverjum degi. Það verður sett upp plagg inn í fataklefa þar sem deildarnar geta skráð þegar þær eru búnar að ganga og líta yfir garðinn.

Húsnæði og viðhald

Leikskólinn á enn við rakavandamál að stríða og er hægt að sjá merki þess í fataklefa yngri deilda og hefur það verið ítrekað við umsjónarmann fasteigna. Á hverju ári er beðið um að lagður verði hiti í útigeymslu og hún einangruð en það hefur ekki enn verið gert. Einnig átti að setja upp kaðlabraut í salinn en það tafðist vegna forfalla og kemur vonandi í sumar. Kastalinn var málaður, það var sett mól undir girðingu þar sem börnin gátu skriðið undir girðinguna einnig var settur nýr sandur í sandkassann. Lóðin þyrfti að fá yfirhalingu þar sem hún hefur setið á hakanum síðustu 2-3 árin.

Lokaorð